

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslandsbleikja Grindavík



Dags eftirlits	6.6.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Íslandsbleikja	Fulltrúi UST	
Heimili	Stað	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hjalti Bogason	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Kjartan Jónsson	Staðsetning	326207,593 372914,582

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi komu fram við eftirlit. Tvær athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu, annars vegar hvað varðar leka á frárennslisröri og hins vegar krana á olúgildru.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfi og bent á skiladaga skv. því.

Farið var yfir eftirlit síðasta árs en engin frávik né athugasemdir komu fram við það eftirlit.

Búið er að skila inn öllum þeim gögnum sem skila á skv. starfsleyfi fyrir árið 2012. Minnt er á að næstu mælingar úr frárennsli skv. gr. 3.3. í starfsleyfi eru árið 2014.

Engin óhöpp hafa verið á árinu og engar kvartanir hafa borist að sögn rekstraraðila.

Farið var yfir úrgangsmál. Öllum dauðfisk er safnað saman og hann sendur til vinnslu dýrafóðurs.

Frárennsli voru skoðuð, Ekið var meðfram frárennslisstokk niður í fjöru. Enginn óeðlilegur vöxtur gróðurs var í fjörunni né óvenjulegur fjöldi fugla. Litið var yfir eldisker og olíutankur skoðaður. Olíutankur er innbyggður í góðri gildru en affalsstútur frá gildrunni er ryðgaður sundur og gerð var athugasemd við það í eftirliti.

Bent var á að öll gögn skuli send á ust@ust.is, sem og á netfang eftirlitsmanns.

ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við leka í frárennslisröri. Vætlar út um frárennslisrör sem liggur frá matfiskakerum og að sjó. Á miðri leið má sjá poll undir frárennslisröri, um 1.5m í þvermál og hefur myndast þar slý. Bent er á að þennan leka þurfi að laga.

Gerð er athugasemd við krana sem staðsettur er neðst á olúgryfju en hann er ryðgaður sundur. Rekstraraðili setur nýjan, þéttan krana sem allra fyrst og kom hann fram beiðni þess efnis til viðgerðamanns í eftirlitinu.

ANNAÐ

Verið er að vinna að nýrri frárennslislögn og kemur hún til með að sameinast frárennslislögn tilraunaeldisstöðvar Hafrannsóknarstofnunar sem staðsett er við hlið Íslandsbleikju. Verið er að vinna úr þeirri beiðni hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.

Reykjavík, 10.06.2013

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.